

AUGLÝSING

um fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps.

Á grundvelli 91. gr. sveitarstjórnarlaga ákvað félagsmálaráðuneytið hinn 12. desember sl. að svipta hreppsnefnd Hofsóshrepps fjárforráðum sveitarfélagsins.

Jafnframt hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn til 1. apríl 1989. Í henni eiga sæti:

Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri, formaður,

Karl Kristjánsson, viðskiptafræðingur og

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	kr.
Vegna bifreiðar	400
Vegna bifhjóls	400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	400
Vegna vélsleða	400
Vegna heimilisdráttarvélar	400
Vegna rafstöðvar	200
Vegna súgþurrkunartækis	200
Vegna heyblásara	200
Vegna trillubáta	1 600

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1989. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 508/1986 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.